

18/1 1964

Vesturlandsumdæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1 9 6 3

Daniel Kristjánsson,
Skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1963.

Girðingar:

Viðgerðir á girðingum voru nokkrar, einkum Jafnaskarðsgirðingu og veldur þar Hreðavatn og Kiðá. Hreðavatn þornar mjög á sumrin hin síðari ár, og er oft miklum erfiðleikum bundið að verja girðinguna í júlí og ágúst. Kiðá eyðileggur girðinguna oft á ári þar sem girt er yfir hana, sem er í þröngu gljúfri. Ennfremur voru nokkrar lagfæringar á öðrum girðingum, þar á meðal Munaðarnesgirðingu. Þá var girt ný girðing í Hvammi í Dölum, 700 mtr. löng og auk þess lagfærðir ^{á þá} ~~á þá~~ 700 mtr. af eldri girðingu. Umræddir 700 mtr. af nýrri girðingu eru austur frá túninu í Hvammi, en þar var gömul girðing, er á sínum tíma var notuð sem hluti af skógræktargirðingunni en reyndist léleg og á slæmum stað, var hún færð til og nýtt efni notað, vírnet, gaddavír og járnstaurar.

Oft hefur verið rætt um girðingarnar sem lent hafa utangarðs hjá skógræktinni, en tvær slíkar girðingar eru á Vesturlandi báðar stórar, en þær eru: Jörfagirðing í Kolbeinsstaðahreppi og Sauðhússkógargirðing í Mýrasýslu. Jörfagirðing liggur við alfaraveg að miklu leyti á sléttum söndum og er nú gjörónýt sem vörslugirðing, þó megi nota hana með nokkrum aðgerðum. Eg tel ekki hægt að hafa girðinguna í þessu ástandi lengur, og ber nauðsyn til að halda fund með landeigendum og reyna að finna einhverjar færar leiðir til úrbóta, því við megum ekki gleyma því, að allt sem aflaga fer á þennan hátt er notað skógræktinni til niðurlægingar, enda þótt hún eigi oft ekki beina sök á ástandinu.

Sauðhússkógargirðing er ónýt, og landið lélegt. Þá girðingu vildi eg minka meir en til helminga - eða sleppa henni sem skógræktarlandi. Eitt er víst - það verður að leiða girðingarmálin til lykta á árinu sem fer í hönd. Um Sauðhússkógargirðingu höfum við ekki við annan aðila að semja, skógræktin hefur öll umráð yfir landinu.

Græðireitur:

Úr græðireitnum komu til gróðursetningar plöntur er hér greinir:

Rauðgreni	118.500
Sitkagreni	<u>23.600</u>
Samtals	142.100 plöntur,

en þær eru að verðmæti samkvæmt verðskrá er gildir hjá Skógrækt ríkisins, kr. 224.950,00. Eftir standa í græðireitnum til næsta árs, 15.000 plöntur af sitkagreni. Þessar plöntur voru vonarpeningur framan af æfi, og því ekki talið hyggilegt að telja þær fram, en þær hafa lagast og verður neyðarlaust að gróðursetja þær ef engin óhöpp henda í vetur.

Samkvæmt ákvörðun er gerð var á síðasta skógræktarfundum ^{ávarðan} var ákveðið að dreyfsetja 50 þús. plöntur í reitinn s.l. vor, og áttu þær plöntur að koma frá Tumastöðum. Hinsvegar komu frá Tumastöðum til gróðursetningar:

20.500 rauðgreni	3/0 frá Ottarsóy
3.200 stafafura	- Vöglum
<u>4.800 hvítgreni</u>	- Vöglum

Samtals 28.500 plöntur.

Ennfremur komu 15 þús. hvítgreni frá Tumastöðum, sem var dreyfsett en reyndist allt dautt, var tekið úr frysti og leit ekki illa út meðan frostið var að fara úr því, en lifði ekki þrátt fyrir góða umhirðu.

Í haust var borið mikið í reitinn og er stór spilda búin undir dreyfsetningu næsta vor. Þá var reitnum haldið hreinum, en nú er hann að mestu auður. Öll vinna búin í reit 15. sept., en eftir þann tíma vann eg einn það sem gera þurfti.

Gróðursetning var þessi:

Stóra-Fjallsgirðing:

Lerki	2/2 Hallormsstaður, Graubüden ⁿ	500
Bergfura	Vöglum 2/3 - Fyr ^r	4.500
Rauðgreni	Kröt.græðir. 2/3 N-Helgel	<u>16.000</u>
	Samtals	21.000

Arnbjargarlækjargirðing:

Sitkabastarður, Fossvogi	samtals	2.000
--------------------------	---------	-------

Norðtunguskógur:

Vorgróðursetning.

Sitkagreni, Norðl. ^{Norðl.} græðir. (komu sáðbeðspl. frá Hallormsstað 2/4	4.000
Rauðgreni, norðl. 2/3 - N-Helgel	10.000

Síðsumarplöntun.

Sitkagreni, Norðl. ^{Norðl.} græðir. (kom frá Hall- ormsstað) 2/4	13.000
Rauðgreni, Norðl. ^{Norðl.} græðir. 2/3 N-Helgel	<u>35.000</u>
Samtals	62.000

Jósafatslundur: ~~Norðl.~~ ^{Norðl.}

Bergfura frá Vöglum 2/3 Pyr	6.000
Rauðgreni, Norðl. ^{Norðl.} græðir. N-Helgel	<u>4.500</u>
Samtals	10.500

Alls hefur verið gróðursett á vegum skógræktar ríkisins, á þessum stöðum 95.500 plöntur.

Grisjun:

Grisjun var framkvæmd í Stóra-Fjallsgirðingu og einnig í Munaðarnesgirðingu o.fl. stöðum.

Vinna við grisjun er mikil, og nú verður ekki umflúið að fara í Jafnaskarðsgirðingu næsta ár, hefði nauðsynlega þurft að grisja þar í sumar, en fjármunir ekki fyrir hendi. Kjarrsögin reyndist vel á lágvaxið kjarr, en ekki hægt að nota hana þar sem skógur er stærri.

Laufgun - Fræfall - Vöxtur - Tíðarfar:

Skógur laufgaðist í Borgarfirði síðast í maí, og lauffall varð 22. sept.

Vöxtur á barrplöntum var í meðallagi. Skemmdir af völdum páskakuldanna eru ekki teljandi norðan Skarðsheiðar, en sitkagreni sunnan Skarðsheiðar, einkum við Akranes, er mjög slæmt. Ösp er yfirleitt slæm, og víða eyðilögð. Sitkagreni óx hinsvegar mun lafar í ár en rauðgrenið, nema í skógræktargirðingunni á Ytra-Felli, þar sem það vex prýðilega.

Fræ sást mjög lítið á birki í sumar. Tíð frá áramótum til 9. apríl var góð, og var farið að vora þegar hið eftirminnilega áhlaupsveður gerði hinn 9. apríl, er hélzt að kalla óslitið fram yfir mánaðamót máí, en þá komu ein þau meztu vatnsúrfelli er komið

hafa á þessum slóðum og vöruðu þau allt til mánaðamóta í júní. Júnímánuður mjög góður og sæmileg tíð til 20. júlí en þá gerði stórúrfelli, fannkomu og voru hærri fjöll hvít af snjó fram undir mánaðamót ágúst. Ágústmánuður var í meðallagi hlýr og allt til 18. sept. en þá spilltist tíð og gerði feiknar snjó í sept. er heldzt til mánaðamóta okt., en sá mánuður og til áramóta var tíð góð, en mjög kalt í nóvember.

Það verður varla sagt að vel hafi viðrað á skógræktina í ár. Það hefur frosið í öllum mánuðum ársins. Þrátt fyrir þessi áfelli lifa barrplönturnar. *Greidd vinnulánu 206.752.-*

Dagleg störf og ferðalög:

Í ár hefur hvílt á mér öll umsjón með verklegum framkvæmdum skógræktarinnar hér, þar með talin skógræktarstörf Skógræktarfélags Borgarfjarðar o.fl. skógræktarstörf.

Enginn verkstjóri hefur verið hér, og hefi eg fylgt vinnuflokkum eftir alla daga sem þeir eru að störfum. Aðalbækistöð fólksins var sem áður í Norðtunguskógi, og þaðan farið til vinnu að Stóra-Fjalli, Hvammi í Dölum o.fl., og þá legið við í tjöldum.

Eg var 215 daga fjarverandi, langoftast í Norðtunguskógi, í girðingum og ýmsum störfum skógræktarinnar.

Á skógarvarðafundi í Reykjavík var eg í 10 daga í marz. Þá fór eg nokkrar ferðir í Dalasýslu, Hvammsgirðingu - og eina ferð að Ýrafelli.

Eg mætti á skógræktarfélagssfundi á Akureyri dagana 15.- 16.- 17.- og 18. ágúst, sem var einnig boðaður sem skógarvarðafundur. Dagana 5. og 6. okt. fór eg að Skógum í Þorskafirði og að Hallstæinsnesi sem er skógarjörð við Þorskafjörð, í eyði. Hitti Jochum Eggertsson að máli, og er hann sem fyrr ákveðinn í að skógræktin taki skógræktargirðinguna í Skógum í sínar hendur.

Alltaf eykst ásókn ferðafólks í skógræktargirðingarnar, hlið oft skilin eftir opin og fleiri spjöll unnin. Kom fyrir að eg varð að vera á ferli að nátturlagi um helgar til að verja Jafnaskarðsgirðinguna.

Meiri erfiðleikar steðja að en nokkru sinni áður varðandi vinnukraft. Ábyrgir karlmenn fást ekki í þessi störf yfir sumarið - fara heldur í síldarvinnu eða önnur störf sem betur eru launuð.

Eg þakka góða fyrðrgreiðslu í fjármálum skógræktarinnar á árinu sem er að líða - og þakka samstarfið allt.

Hreðavatni á gamlárstag 1963

David Þórsfjónson

Það sem gera þarf á árinu 1964.

Girðingar:

1. Sauðhússkógargirðing er ónýtt og verður að gera eitthvað í því máli, vísast til skýrslu.
2. Hreimsstaðagirðing sem er röskur 1 km. að lengd er ónýtt og getur ekki beðið lengur. Mjög góð aðstaða.
3. Hvað á að gera við Jarðlangsstaðagirðingu sem Þorleifur hefur ánafnað skógræktinni?.
4. Ytrafellsgirðing. Þangað vantar renglur og eitthvað fleira, en má komast hjá að girða hana upp, enda nokkuð nýtt.
5. Hlið er óhjákvæmilegt á Jafnaskarðsgirðingu.

Gróðursetning og grisjun:

1. Er ekki rétt að fylla Ytrafellsgirðingu, þar er gott land. Sennilega þarf um 40 þús. plöntur, en grisjun er mikil.
2. Hvað um Skóga í Þorskafirði?.
3. Það verður ekki umflúin mikil grisjun við Hreðavatn (Jafnaskarðs-skógur).
4. Það virðist vera hagkvæmast að klára gróðursetningu bæði í Hvammi í Norðurárdal, en þar vantar sennilega 30 þús. plöntur, og Stóra-Fjalli, þar vantar 50 til 60 þús. plöntur og mikil grisjun á báðum stöðum.

Græðireitur.

Samkvæmt því er greinir frá í skýrslu minni, er græðireiturinn í Norðtunguskógi að kalla uppurinn af plöntum, hinsvegar er mikið af landi íborið nú í haust með tilliti til dreyfisættningar í vor. Lágmark dreyfisættningar eru að mínum dómi 100 til 150 þús. plöntur - það verður ódýrara í vinnu en mjög lítið magn. Eg þarf ekki að skilgreina frekar en áður hefur verið gert, þá nauðsyn að hafa þennan reit, og sennilega hefur það aldrei komið betur í ljós en í vor, en allt rauðgrenið úr reitnum reyndist ágætlega og mun hægt að fá upplýsingar um það víðar en frá mér. Eitt er víst - reiturinn getur ekki verið svona áfram. Þá væri nauðsyn á, að laga til vegi í sambandi við skógræktargirðingar, einkum Jafnaskarðsgirðingu og Stóra-Fjallsgirðingu. Þetta þyrfti ekki að vera mjög kostnaðarsamt, en er til mikils hagræðis.